

Umsögn Miðstöðvar hönnunar og arkitektúrs um

Áform um atvinnustefnu Íslands til 2035, mál nr. S-144/2025

Miðstöð hönnunar og arkitektúrs (MH&A) fagnar áformum um mótun atvinnustefnu Íslands til 2035.


Við hvetjum til þess að

- skapandi greinar verði skilgreindar sem áherslusvið í atvinnustefnunni
- skapandi greinar eigi fulltrúa í atvinnustefnuráði
- hugtakið skapandi greinar (Creative industries) sé notað í stefnumótuninni

Skapandi greinar, m.a. hönnun og arkitektúr búa yfir miklum tækifærum til verðmætasköpunar hvor tveggja efnahagslegum og samfélagslegum sem er mjög mikilvægt í örum tæknibreytingum nútímans. Sýnt hefur verið fram á að innan skapandi greina eru ört vaxandi atvinnugreinar með háa framleiðni, lítið kolefnisspor og mikla útflutningsmöguleika.

Skapandi greinar, m.a. hönnun og arkitektúr eru hugverkagreinar sem stuðla ekki aðeins að eigin vexti heldur auka einnig virði annarra vara og þjónustu, m.a. í ferðaþjónustu, sjávarútvegi, og hugbúnaðar- og tæknigeira.

Hönnun og arkitektúr gegna lykilhlutverki í nýsköpun, sjálfbærri þróun og uppbyggingu innviða og samfélags. Þau móta umhverfi okkar, styðja við samfélagslega velferð og eru sífellt mikilvægari hluti af sjálfsmynd og alþjóðlegri ímynd Íslands. Því er mikilvægt að horft sé á þessar greinar sem burðarása í framtíðarhagkerfi landsins.



1. *Hver ættu helstu markmið og lykilmælikvarðar að vera varðandi þróun atvinnulífs næstu tíu ár?*

Markmið: hugsa til framtíðar og tryggja öflugt, fjölbreytt og skapandi atvinnulíf með fjölda góðra og vellaunaðra starfa. Það mun tryggja velsæld og íbúum landsins örugga framtíð með sterkum innviðum, frelsi og jafnrétti. **Mælikvarðar:** Aukin velsæld, aukin gæði og verðmætasköpun, meiri vöxtur, minnkun kolefnisspors og fjölgun starfa í fjölbreytilegum og verðmætaskapandi greinum.

2.


Til hvaða aðgerða geta stjórnvöld gripið til að efla útflutning, fjölga vel launuðum störfum og auka framleiðni vinnuafls næstu tíu ár?

Aðgerðir: byggja á hugviti og leggja áherslu á nýsköpun á breiðari grundvelli s.s. í skapandi greinum, hönnun og arkitektúr sem eru hluti af hugverkagreinum; tryggja hugverkaréttindi og gæta að hagsmunum Íslands í stafrænum heimi; efla rannsóknir, þekkingaruppbyggingu og erlenda markaðssókn; tryggja ungu fólki menntun, tækifæri, öruggt húsnæði, kost á að koma heim aftur eftir nám erlendis og laða frekari sérfræðiþekkingu til landsins; efla sérstaklega atvinnugreinar, með lágt vistspor og sem geta vaxið án aukinnar kolefnislosunar, s.s., hönnun, menningu, skapandi- og hugverkagreinar.

3.

Hvaða útflutningsgreinar, þar sem framleiðni vinnuafls er há og loftslagsábrif eru takmörkuð, geta vaxið mest á næstu tíu árum og náð árlegum útflutningi sem nemur tugum milljarða króna?

Alþjóðleg þróun og styrkleikar Íslands gefa vísbendingu um að menning, skapandi- og hugverkagreinar verði meðal þeirra útflutningsgreina sem geta vaxið mest á næstu árum. Þetta eru atvinnugreinar þar sem framleiðni vinnuafls er há, kolefnisspor lítið og tekjumöguleikar byggja á hugverkum og skalanleika. Þar má nefna: Hönnun, arkitektúr, tónlist, kvikmyndagerð, tölvuleiki sem þegar hafa sýnt fram á getu til að skapa tugmilljarða útflutningstekjur með stökum verkefnum, listamönnum eða framleiðslu. Leikir, stafrænar sögur og gagnvirk afþreying hafa alla jafna viðskiptamódel sem eru alþjóðleg frá upphafi.



Skapandi greinar, hönnun og arkitektúr eru einn af lyklunum að fjölbreyttu, sjálfbæru og samkeppnishæfu atvinnulífi til framtíðar. Við hvetjum stjórnvöld til að skilgreina þessi svið sem áherslusvið í nýrri atvinnustefnu og tryggja að skapandi greinar eigi fulltrúa í atvinnustefnuráði sem vinnur að stefnumótuninni.

f.h stjórnar Miðstöðvar hönnunar og arkitektúrs,



Framkvæmdastjóri MH&A

